

# SKILMÁLAR

**Verðlagning:** Uppgefið verð fyrir gistingu og aðra þjónustu Mosás cottages inniheldur alltaf VSK og önnur gjöld eftir atvikum. Ekki bætist við aukagjald við komu. Verð geta breyst hvenær sem er miðað við bókunarstöðu og eftirspurn. Verðbreytingar hafa ekki áhrif á bókanir sem búið er að gera hverju sinni.

2. **Endurgreiðsla:** Ekki er endurgreitt fyrir þjónustu eða vöru sem veitt hefur verið eða afbókunarskilmálar hafa tekið gildi.

- Afbókunarskilmálar: Fyrir hefðbundnar bókanir þarf að afbóka með 7 daga fyrirvara ellegar greiða bókaðar nætur að fullu. Þessir afbókunarskilmálar eiga ekki við þegar bókað er óendurgreiðanlegt verð fyrir gistingu. Þá er fyrirfram greitt og enginn möguleiki á endurgreiðslu

3. **Ábyrgðarskilmálar:**

Mosás cottages ábyrgist að halda þeim herbergjum fráteknum sem búið er að gefa upp gildar greiðslukortaupplýsingar til tryggingar fyrir.

Ef ófullnægjandi greiðslukortaupplýsingar eru fyrir hendi sem trygging fyrir gistingu, áskilur Mosás cottages sér rétt til að afbóka einhliða hverja þá bókun sem gerð var með þeim upplýsingum.

4. **Trúnaður:**

- a. Mosás cottages heitir gestum sínum fullum trúanði um allar þær upplýsingar sem gestur gefur upp í tengslum við viðskiptin. Upplýsingar verða ekki afhentar þriðja aðila undir neinum kringumstæðum.
- b. Greiðslukortaupplýsingar þær er gestur gefur upp í bókunarferli eru sendar í gegnum örugga greiðslusíðu sem hlotið hefur vottun og eru kortanúmer ekki geymd í heilu lagi af starfsfólki hótelsins undir neinum kringumstæðum.
- d. Sjálfvirk upplýsingasöfnun getur átt sér stað á heimasíðu hótelsins með notkun vefkaka (cookies). Þetta er aðallega gert til að gera heimasíðuna ánægjulegri í notkun og hjálpar gististaðnum að skilja betur hvað gestir leita eftir á síðunni.

5. **Hótel reglur:**

**Hótel reglur:**

- Innskráning er frá klukkan 15:00
- Útskráning er til klukkan 11:00 á brottfarardegi.
- Möguleiki á að skrá út síðar gegn gjaldi.
- Gestir skulu fara eftir öllum reglum, og leiðbeiningum á gististaðnum,

- Gististaðurinn hefur rétt til að synja gesti um gistingu eða krefjast þess að gestur yfirgefi gististaðinn ef óeðlileg hegðun á sér stað, hvort sem hegðunin er ógnandi eða móðgandi, veldur öðrum gestum röskun eða er á annan hátt óviðunandi.
- Reykingar í húsunum eru stranglega bannaðar og hafa í för með sér 40.000 kr. sekt.

## Lög og Varnarþing

Samningur þessi er í samræmi við íslensk lög. Rísi mál vegna hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

**Governing law / Jurisdiction** *These Terms and Conditions are in accordance with Icelandic law.*

***Mosás cottages er í eigu og rekstri Holtabyggð ehf. KT: 690319-0550, VSK nr.134456, Birtingaholti 5, 846 Flúðum***

síðast uppfært 30. Júlí 2020